

Síðast breytt: 10. Janúar 2020

## HVER VIÐ ERUM OG HVERNIG ÞESSI YFIRLÝSING TEKUR TIL ÞÍN

Við hjá Pentair lítum á traust sem undirstöðu allra samskipta. Þessi yfirlýsing lýsir þeim persónuupplýsingum sem Pentair mun mögulega afla og varða þig í gegnum vefsíður, hugbúnað eða með öðrum hætti, hvernig við mögulega notum og birtum þessar upplýsingar, ásamt öðrum tengdum upplýsingum sem mikilvægt er að þú vitir.

Smelltu á heiti hvers hluta að neðan til að fá að vita meira.

## HVER VIÐ ERUM OG HVERNIG ÞESSI YFIRLÝSING TEKUR TIL ÞÍN

Pentair metur friðhelgi þína mikils. Þessi yfirlýsing lýsir þeim persónuupplýsingum sem Pentair mögulega safnar og varða þig:

- í gegnum vefsíður sem við starfrækjum, og þar sem þú sækir þessa persónuverndaryfirlýsingu („**vefsíðurnar**“),
- í gegnum þennan hugbúnað sem við gerum tiltækan fyrir þig til notkunar á eða í gegnum tölvur og fartæki („**forritin**“),
- í gegnum öll okkar tæki sem tengd eru eða eru tengjanleg við Net hlutanna (“**IoT-tæki okkar**“), þar á meðal nettengdar vatnslausnarvörur okkar,
- í gegnum samfélagsmiðlasíður og forrit okkar sem við stjórnun og þar sem þú sækir þessa persónuverndartilkynningu (saman kallaðar „**samfélagsmiðlasíður**“ okkar),
- í gegnum tölvupósta með HTML-sniði sem við sendum þér og tengjast þessari persónuverndartilkynningu, og
- í gegnum ónettengd samskipti þín við okkur.

Vefsíðurnar, forritin, IoT-tækin, samfélagsmiðlasíðurnar, tölvupóstarnir og ónettengd samskipti eru saman kölluð „**þjónustan**.”

Í þessari persónuverndartilkynningu vísar „Pentair“ til Pentair plc og dótturfélaga þess.

## HVERNIG VIÐ SÖFNUM OG VARÐVEITUM PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR

Þegar Pentair safnar persónuupplýsingum þínum leitumst við eftir því að safna því sem er viðeigandi, fullnægjandi og ekki umfram það sem er nauðsynlegt. Við söfnum, stofnum og skoðum mögulega persónuupplýsingar er varða þig með ýmsum hætti, þar á meðal beint frá þér, í gegnum tæknilegar leiðir eins og vafrakökur, og frá þriðju aðilum. Á meðal þessara gagna eru til dæmis tengiliðaupplýsingar, samskipti og greiðsluupplýsingar eða markaðstengdar upplýsingar. Við varðveitum persónuupplýsingar þínar eins lengi og nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu, nema lengri varðveislutími sé leyfilegur samkvæmt lögum.

## HVERNIG VIÐ SÖFNUM OG VARÐVEITUM PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR

„**Persónuupplýsingar**“ eru upplýsingar sem auðkenna þig sem einstakling eða tengjast auðkennanlegum einstaklingi. Þegar Pentair safnar persónuupplýsingum þínum leitumst við eftir því að safna því sem er viðeigandi, fullnægjandi og ekki umfram það sem er nauðsynlegt.

- Á meðal *leiða* sem við notum til að safna upplýsingum um þig eru eftirfarandi:
  - Við söfnum mögulega persónuupplýsingum með ýmsum hætti, eins og í gegnum síma, vefsíður okkar, net- eða farhugbúnað okkar, net- eða farþjónustu okkar, skráningaraðila okkar eða auglýsingar okkar á netinu.
    - **Í gegnum þjónustuna:** Til dæmis söfnum við mögulega persónuupplýsingum við upphaf eða framkvæmd viðskiptasambands, á viðburðum eða vörusýningum, þegar þú gerist áskrifandi að fréttabréfum eða biður um útgefið efni, tekur þátt í könnunum, skráir þig í viðburði eða netþjónustu Pentair, hefur samband við okkur til að fá frekari upplýsingar, setur upp og notar IoT-tæki okkar eða forrit, eða heimsækir síður okkar á meðan eða áður en þú skráir þig inn á samfélagsmiðla.
    - **Með öðrum hætti:** Við söfnum mögulega einnig persónuupplýsingum frá almennum veitum eða gagnaveitum þriðja aðila. Til dæmis gæti mannauðsteymi okkar notað LinkedIn eða aðra samfélagsmiðla til að auðkenna umsækjendur um störf. Hver samfélagsmiðill hefur sína eigin stefnu um hvernig hann meðhöndlar persónuupplýsingar þínar þegar þú notar síður hans. Séu uppi einhver álitamál, eða hafir þú einhverjar spurningar um notkun samfélagsmiðils á persónuupplýsingum þínum, skalt þú lesa persónuverndarstefnu hans vandlega áður en þú notar hann. Við vinnum mögulega einnig með samstarfsaðilum í markaðssetningu til að skilgreina mögulega viðskiptavinum, með skráningaraðilum til að samræma samskipti við hluthafa okkar eða með öðrum þriðju aðilum til að veita starfsfólki Pentair þjónustu.
- Á meðal *tegunda* persónuupplýsinga sem við söfnum um þig eru eftirfarandi:
  - Tengiliðaupplýsingar, eins og nafn, titill, símanúmer, pósthfang og netfang,
  - Samskiptaupplýsingar frá þér, eins og pantanir, spurningar og endurgjöf,
  - Lýðfræðilegar upplýsingar, eins og tungumál, aldur og kyn,
  - Markaðstengd vild, eins og áskrift að tölvupóstum og tíðnivild,
  - Greiðsluupplýsingar, eins og kreditkorta- og reikningsupplýsingar,

- „Tækjaupplýsingar,” eins og þær eru skilgreindar í notkunarskilmálum farhugbúnaðar okkar, þegar þú setur upp og notar IoT-tæki okkar eða forrit, og
- Notendaskilríki, þegar þú skráir þig til notkunar á þjónustunni.

Það er nauðsynlegt að safna persónuupplýsingum svo okkur sé mögulegt að veita þér umbeðna þjónustu. Veitir þú ekki umbeðnar upplýsingar gæti verið að okkur sé ekki mögulegt að veita þjónustuna. Ef þú veitir okkur eða þjónustuveitum okkar einhverjar persónuupplýsingar sem tengjast öðru fólki í tengslum við þjónustuna staðfestir þú að þú hafir heimild til þess og að leyfa okkur að nota upplýsingarnar í samræmi við þessa persónuverndaryfirlýsingu.

- Sá tími sem við *geymum* persónuupplýsingar þínar fer eftir þeim tilgangi sem þeirra var aflað fyrir og eðli þeirra. Við varðveitum persónuupplýsingar þínar eins lengi og nauðsynlegt er í þeim tilgangi sem lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu, nema lengri varðveislutími sé leyfilegur eða krafist samkvæmt lögum. Á meðal helstu viðmiða sem við notum til að skera úr um varðveislutíma eru eftirfarandi:
  - Sá tími sem þú hefur virkan reikning eða samband við Pentair,
  - Þegar við erum að kynnast þér sem mögulegum viðskiptavinum eða samstarfsaðila;
  - Þegar við þurfum að bregðast við dómsúrskurði, lögum eða málsmeðferð,
  - Þegar lagalegar kröfur og faglegar reglur krefjast þess – eins og í skattaegum tilgangi eða vegna endurskoðunar, upplýsingar um heilbrigði og öryggi, eða með tilliti til viðeigandi laga um fyrningu, málaferla eða stjórnsýslulegra rannsókna.

### HVERNIG VIÐ NOTUM PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR

Pentair notar mögulega persónuupplýsingar þínar til að þjónusta þig, bæta þjónustu okkar eða til að uppfylla þann tilgang sem var að baki því að þú afhentir okkur persónuupplýsingar þínar, eins og að framkvæma færslu, hafa samskipti við þig og sinna daglegum rekstri okkar. Pentair styðst við ýmis konar lagagrunn, eins og samþykki þitt eða lögmæta hagsmuni Pentair, til að nota persónuupplýsingar þínar, allt eftir aðstæðum.

### HVERNIG VIÐ NOTUM PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR

Pentair notar mögulega persónuupplýsingar þínar til að þjónusta þig, bæta þjónustu okkar og til að uppfylla þann tilgang sem var að baki því að þú afhentir okkur persónuupplýsingar þínar og í öðrum lögmætum viðskiptalegum tilgangi, þar á meðal til að:

- Veita virkni þjónustunnar og uppfylla beiðnir þínar.
  - Framkvæma færslur sem þú hefur beðið um, eins og að afgreiða pantanir, skrá keyptar vörur, meðhöndla ábyrgðarkröfur og veita viðskiptavinum tengda þjónustu.
  - Hafa samskipti við þig varðandi reikning þinn og þær vörur sem þú kaupir, bregðast við fyrirspurnum þínum og uppfylla beiðnir þínar.
  - Senda þér stjórnunarupplýsingar, eins og breytingar á skilmálum, skilyrðum og stefnum okkar.
  - Þjónusta þær vörur sem þú kaupir og senda upplýsingar sem þú biður um er varða virkni vara þinna.

Við munum ráðast í þessar aðgerðir til að hafa umsjón með samningsbundnu sambandi við þig og/eða til að uppfylla lagalegar skyldur.

- Veita þér upplýsingar og/eða annað markaðsefni.
  - Upplýsa þig um vörur eða þjónustu sem er í boði hjá Pentair og þú gætir haft áhuga á,
  - Senda þér kannanir er varða notkun þína á Pentair vörum og þjónustu,
  - Auðvelda virkni deilinga á samfélagsmiðlum sem þú kýst að nota.

Við munum ráðast í þessar aðgerðir með samþykki þínu eða þegar við höfum lögmætra hagsmuna að gæta.

- Greina persónuupplýsingar þínar fyrir viðskiptatengda skýrslugerð og veita sérsniðna þjónustu.
  - Greina eða spá fyrir um dálæti notenda til að útbúa skýrslur um uppsafnaða leitni varðandi hvernig stafrænt efni okkar er notað, svo hægt sé að bæta þjónustu okkar,
  - Skilja betur áhugamál þín og smekk, þannig að við getum sérsniðið samskipti okkar við þig og veitt þér upplýsingar og/eða tilboð sem eru sérsniðin eftir þínum áhuga,
  - Skilja betur hvað þú vilt þannig að við getum veitt efni í gegnum þjónustu okkar sem við teljum vera viðeigandi og áhugavert fyrir þig.

Við munum veita þér sérsniðna þjónustu á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar og með samþykki þínu að því marki sem viðkomandi lög krefjast.

- Ná viðskiptalegum tilgangi okkar.
  - Sinna viðskiptatengdum rekstri okkar og stjórna áhættu, þar á meðal að verja réttindi og eignir Pentair og annarra,
  - Uppfylla lagalegar kröfur og innri stefnur, eins og endurskoðunar- og öryggisstefnur,
  - Þróa nýjar vörur eða þjónustu,
  - Bæta, auka og breyta vörum okkar og þjónustu,
  - Skilgreina þróun á notkun, til dæmis að skilja hvaða hluti þjónustu okkar vekur mesta áhugann hjá notendum,
  - Skera úr um virkni auglýsingaherferða okkar, þannig að við getum aðlagð herferðir okkar að þörfum og hagsmunum notenda okkar.

Við munum ráðast í þessar aðgerðir til að hafa umsjón með samningsbundnu sambandi við þig, til að uppfylla lagalegar skyldur og/eða vegna þess að við höfum lögmætra hagsmuna að gæta.

- Gera þér kleift að taka þátt í happdrætti, keppnum eða öðrum kynningarátökum.
  - Við veitum þér mögulega tækifæri til að taka þátt í happdrætti, keppnum eða öðrum kynningarátökum.
  - Í sumum af þessum kynningarátökum gilda frekari reglur sem innihalda upplýsingar um hvernig við munum nota og birta persónuupplýsingar þínar.

Við notum þessar upplýsingar til að hafa umsjón með samningsbundnum tengslum við þig.

- Taka saman og/eða gera persónuupplýsingar þínar nafnlausar.
  - Við tökum mögulega saman persónuupplýsingar og/eða gerum þær nafnlausar þannig að þær teljist ekki lengur vera persónuupplýsingar. Við gerum það til að framkalla önnur gögn fyrir notkun okkar, sem við mögulega notum og birtum í hvaða tilgangi sem er, þar sem þau auðkenna hvorki þig lengur, né nokkurn annan einstakling.

### HVERNIG VIÐ DEILUM PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM

Pentair deilir mögulega persónuupplýsingum þínum með öðrum Pentair aðilum, vörumerkjum, deildum og dótturfyrirtækjum. Pentair deilir mögulega persónuupplýsingum þínum með þriðju aðilum til úrvinnslu fyrir okkar hönd, með samþykki þínu eða þegar það er leyfilegt eða þess er krafist samkvæmt lögum. Viðtakendur persónuupplýsinga geta verið staðsettir utan þess lands þar sem upplýsingunum var safnað, þar á meðal í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES). Í slíkum tilvikum grípur Pentair til ráðstafana til að tryggja viðeigandi gagnavernd.

### HVERNIG VIÐ DEILUM PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM

Pentair deilir mögulega persónuupplýsingum þínum með öðrum Pentair aðilum, vörumerkjum, deildum og dótturfyrirtækjum til að þjónusta þig, þar á meðal fyrir þær aðgerðir sem útlistaðar eru í þessari persónuverndaryfirlýsingu.

Við deilum persónuupplýsingum:

- Með aðilum sem eru tengdir okkur í þeim tilgangi sem lýst er í þessari persónuverndaryfirlýsingu. Þú getur skoðað listann og staðsetningu þeirra aðila sem tengjast okkur [hér](#). Pentair plc er sá aðili sem er ábyrgur fyrir stjórnun á sameiginlega notuðum persónuupplýsingum.
- Með traustum þjónustuveitum þriðju aðila sem framkvæma aðgerðir samkvæmt okkar leiðbeiningum. Á meðal þessara aðgerða eru allar þær aðgerðir sem Pentair framkvæmir eins og lýst er í ofangreindum hluta, „HVERNIG VIÐ NOTUM PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR.“ Til dæmis geta þessar aðgerðir falið í sér vefsíðuhýsingu, gagnagreiningu, úrvinnslu á greiðslum, uppfyllingu pantana, veitingu á upplýsingatækni og tengdum innviðum, þjónustu við viðskiptavinum, tölvupóstsendingar, endurskoðun og aðra þjónustu.
- Með þriðju aðilum, til að heimila þeim að senda þér markaðssamskipti, í samræmi við þitt val.
- Með traustum söluaðilum, þegar þú stillir forritið þannig að upplýsingum sem tengjast IoT-tæki þínu er deilt (þar á meðal tækjaupplýsingum) með tilteknum söluaðila. Söluaðilinn notar þessar upplýsingar mögulega til að fylgjast með og þjónusta IoT-tæki þitt og bjóða þér tengdar vörur og þjónustu. Þú getur valið að hætta að deila þessum upplýsingum framvegis með söluaðilanum, hvenær sem er, með því að fara í stillingar forritsins. Það hefur ekki áhrif á áframhaldandi varðveislu söluaðilans og notkun hans á upplýsingunum sem honum bást áður en þú hættir slíkri deilingu.

- Með öðrum einstaklingum sem þú útnefnir í gegnum forritið sem deildum notendum IoT-tækis þíns, slíkir notendur munu hafa aðgang að upplýsingum sem geymdar eru í forritinu og munu geta fylgst með og stjórnað IoT-tæki þínu í gegnum forritið.
- Við notkun á þjónustunni kýst þú mögulega að birta persónuupplýsingar á spjallborðum, spjalli, notendasíðum, bloggum og í annarri þjónustu þar sem þú getur birt upplýsingar og efni (þar á meðal, en takmarkast ekki við, samfélagsmiðlasíðum okkar). Vinsamlegast athugaðu að allar upplýsingar sem þú birtir eða afhendir í gegnum þessa þjónustu verða opinberar og gerðar aðgengilegar öðrum notendum og almenningi.
- Þegar þú tengist þjónustureikningi okkar með samfélagsmiðlareikningi þínum deilir þú upplýsingum með vinum þínum sem tengjast samfélagsmiðlareikningi þínum, með öðrum notendum og með veituaðila samfélagsmiðlareiknings þíns. Með því að gera það heimilar þú okkur að greiða fyrir þessari deilingu á upplýsingum og þú skilur að notkun á deildum upplýsingum muni stjórna af persónuverndarstefnu veituaðila samfélagsmiðilsins.
- Til þriðju aðila sem kosta happdrætti, keppnir og álíka kynningarátök.

## ÖNNUR NOTKUN OG BIRTING Á PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM

Við notum einnig og birtum persónuupplýsingar þínar eins og nauðsynlegt eða viðeigandi er, sérstaklega þegar okkur ber lagaleg skylda til eða við höfum lögmæta hagsmuni þar að lútandi.

Við notum einnig og birtum persónuupplýsingar þínar eins og nauðsynlegt eða viðeigandi er, sérstaklega þegar okkur ber lagaleg skylda til eða við höfum lögmæta hagsmuni þar að lútandi:

- Að uppfylla viðeigandi lög og reglugerðir, sem geta falið í sér lög utan þess lands þar sem þú hefur búsetu.
- Að vinna með opinberum yfirvöldum og stjórnvöldum, eins og að bregðast við beiðni eða til að veita upplýsingar sem við teljum að séu mikilvægar. Þar á meðal geta verið yfirvöld utan þess lands þar sem þú hefur búsetu.
- Að vinna með löggæslu, til dæmis þegar við svörum beiðnum og tilskipunum frá löggæslu eða veitum upplýsingar sem við teljum að séu mikilvægar.
- Af öðrum lagalegum ástæðum, þar á meðal til að framfylgja skilmálum okkar og skilyrðum og til að vernda réttindi, friðhelgi, öryggi eða eignir okkar og/eða dótturfyrirtækja, þig eða aðra.
- Við höfum lögmæta hagsmuni við að birta eða flytja persónuupplýsingar þínar til þriðja aðila ef það kemur til endurskipulagningar, samruna, sölu, samreksturs, framsals, flutnings eða annarrar tilfærslu á öllum eða einhverjum hluta reksturs okkar, eigna eða hlutabréfa (þar á meðal í tengslum við hvers konar gjaldprot eða álíka málsmeðferð). Slíkir þriðju aðilar geta verið til dæmis yfirtökuaðili og ráðgjafar hans.

## AÐRAR UPPLÝSINGAR

Við söfnum, notum og birtum mögulega aðrar upplýsingar sem afhjúpa ekki persónuauðkenni þín eða tengjast ekki beint auðkennanlegum einstaklingi, þar á meðal: upplýsingar um vafra og búnað, notkunargögn forrita og upplýsingar sem safnað er í gegnum vafrakökur, myndaeindatákn og aðra tækni.

„Aðrar upplýsingar“ eru allar þær upplýsingar sem ekki afhjúpa persónuauðkenni þín eða tengjast ekki beint auðkennanlegum einstaklingi, eins og:

- Upplýsingar um vafra og búnað
- Notkunargögn forrita
- Upplýsingar sem safnað er í gegnum IoT-tæki, eins og gögn um uppsetningu, vöruuppsetningar, stillingar, notkun, landfræðilega staðsetningu og virkniupplýsingar
- Upplýsingar sem safnað er í gegnum vafrakökur, myndaeindatákn og aðra tækni
- Lýðfræðilegar upplýsingar og aðrar upplýsingar sem þú veitir og afhjúpa ekki persónuauðkenni þín
- Upplýsingar sem hefur verið safnað saman á þann hátt að þær afhjúpa ekki lengur persónuauðkenni þín

Ef þess er krafist að við meðhöndlum aðrar upplýsingar sem persónuupplýsingar samkvæmt gildandi lögum notum við þær og birtum mögulega í þeim tilgangi sem við notum og birtum persónuupplýsingar eins og útlistað er í þessari tilkynningu.

### Söfnun annarra upplýsinga

Við söfnum öðrum upplýsingum mögulega á margvíslegan hátt, þar á meðal:

- Í gegnum vafra þinn eða tæki:
  - Ákveðnum upplýsingum er safnað af flestum vöfrum eða sjálfkrafa í gegnum búnað þinn, eins og Media Access Control (MAC) vistfangi þínu, tegund tölvu (Windows eða Mac), skjáupplausn, heiti og útgáfu stýrikerfis, framleiðanda og gerð búnaðar, tungumáli, tegund og útgáfu netvafra og heiti og útgáfu þjónustunnar (eins og forritsins) sem þú ert að nota. Við notum þessar upplýsingar til að tryggja að þjónustan starfi rétt.
- Í gegnum notkun þína á forriti:
  - Þegar þú hleður niður og notar forrit getum við og þjónustuveitur okkar fylgst með og safnað notkunargögnum forrits, eins og dagsetningu og tíma aðgangs búnaðar þíns að netþjónum okkar og hvaða upplýsingum og skráum hefur verið hlaðið niður í forritið á grundvelli númers búnaðar þíns.
- Að nota vafrakökur:
  - Vafrakökur eru upplýsingabrot sem geymd eru beint á tölvunni sem þú ert að nota. Vafrakökur gera okkur kleift að safna upplýsingum eins og tegund vafra, þeim tíma sem varið er í þjónustunni, heimsóttum síðum, tungumálastillingum og öðrum gögnum um umferð. Við og þjónustuveitur okkar nota upplýsingarnar í öryggistengdum tilgangi, til

að greiða fyrir stikli, til að birta upplýsingar á skilvirkari hátt og til að sérsníða upplifun þína. Við söfnum einnig tölfraeðilegum upplýsingum um notkun þína á þjónustunni til að bæta stöðugt hönnun hennar og virkni, skilja hvernig hún er notuð og hjálpa okkur að svara spurningum er lúta að henni. Vafrakökur gera okkur einnig kleift að velja hvaða auglýsingar okkar eða tilboð eru líklegust til að höfða til þín og birta þau þegar þú ert að nota þjónustuna. Við notum vafrakökur eða aðra tækni einnig mögulega í auglýsingum á netinu til að fylgjast með svörun við auglýsingum okkar.

- Eins og er bregðumst við ekki við vaframerkjum um að vakta ekki. Ef þú vilt ekki að upplýsingum sé safnað með vafrakökum gera flestir vafrar þér kleift að hafna vafrakökum sjálfkrafa eða að þú fái að velja um að hafna eða samþykkja tiltekna vafraköku (eða vafrakökur) frá ákveðinni vefsíðu. Enn fremur er þér bent á <http://www.allaboutcookies.org/manage-cookies/index.html>. Ef þú hins vegar samþykkir ekki vafrakökur kannst þú að upplifa einhver óþægindi við notkun þína á þjónustunni. Mögulega færðu heldur ekki auglýsingar eða önnur tilboð frá okkur sem eiga við áhugamál þín og þarfir.
- Að nota myndeindatákn og aðra álíka tækni:
  - Myndeindatákn. Ásamt fleiru er hægt er að nota myndaendatákn (kallast einnig vefvitar og hrein GIF) til að vakta aðgerðir notenda þjónustunnar (þar á meðal viðtakenda tölvupósta), mæla árangur markaðsherferða okkar og vistþýða talnagögn um notkun á þjónustunni og svartíðni.
  - Analytics. Við notum Google Analytics og Adobe Analytics, sem notast við vafrakökur og álíka tækni til að safna og greina upplýsingar um notkun á þjónustunni og gefa skýrslur um virkni og leitni. Þessi þjónusta safnar mögulega einnig upplýsingum er varða notkun á öðrum vefsíðum, forritum og tilföngum á netinu. Þú getur fengið að vita meira um aðferðir Google á [www.google.com/policies/privacy/partners/](http://www.google.com/policies/privacy/partners/) og nýtt þér úrsögn sem Google býður upp á með því að hlaða niður Google Analytics vafraviðbót fyrir úrsögn, sem er að finna á <https://tools.google.com/dlpage/gaoptout>. Þú getur nýtt þér úrsögnina sem Adobe býður upp á með því að fara á: <https://www.adobe.com/privacy/opt-out.html>.
- Að nota Adobe Flash tækni (þar á meðal Flash Local Shared Objects („Flash LSO“)) og aðra álíka tækni:
  - Við notum mögulega Flash LSO og aðra álíka tækni, meðal annars til að safna og geyma upplýsingar um notkun þína á þjónustunni. Viljir þú ekki að Flash LSO sé geymt á tölvu þinni getur þú breytt stillingum Flash-spilara þíns þannig að lokað sé fyrir geymslu á Flash LSO með þeim tólum sem er að finna í Website Storage Settings Panel. Þú getur einnig farið í Global Storage Settings Panel og fylgt leiðbeiningunum (sem útskýra til dæmis hvernig eigi að eyða núverandi Flash LSO (kallast „upplýsingar“), hvernig eigi að fyrirbyggja að Flash LSO sé geymt á tölvunni þinni án þess að þú sért spurð(ur) og hvernig eigi að loka fyrir Flash LSO sem starfrækjandi síðunnar sem þú ert á hverju sinni afhendir ekki). Vinsamlegast athugaðu að sé Flash Player stilltur þannig að samþykki á Flash LSO sé takmarkað eða bannað getur það dregið úr eða hamlað virkni sumra Flash-forrita.



- IP-tala:
  - IP-tölu þinni er sjálfkrafa úthlutað tölvunni þinni af netþjónustuaðila þínum. IP-tala er mögulega auðkennd og skráð sjálfkrafa í netþjónsskrám okkar hvenær sem þjónustan er notuð, ásamt tíma heimsóknar og þeim síðum sem heimsóttar voru. Söfnun IP-talna er staðlað verklag og er framkvæmd sjálfkrafa á mörgum vefsíðum, í forritum og annarri þjónustu. Við notum IP-tölur í ákveðnum tilgangi, eins og við útreikninga á umfangi notkunar, greiningu á netþjónsvandamálum og stjórnun á þjónustunni. Við skerum einnig mögulega úr um áætlaða staðsetningu þína út frá IP-tölu þinni.
- Raunlæg staðsetning:
  - Við söfnum mögulega upplýsingum um raunlæga staðsetningu IoT-tækis þíns í gegnum staðsetningu farsímans sem einn af okkar traustu söluaðilum notar til að setja upp vöruna, ef þú stillir handvirkt raunlæga staðsetningu tækisins í forritinu eða ef þú samþykkir að nota kortavirknina í forritinu.
  - Við söfnum mögulega upplýsingum um raunlæga staðsetningu tækis þíns, til dæmis með því að nota merki frá gervihnöttum, farsímamöstrum eða þráðlausu neti. Við notum mögulega raunlæga staðsetningu tækis þíns til að veita þér sérsniðna staðsetningartengda þjónustu fyrir IoT-tæki þín. Í sumum tilvikum er þér mögulega gert kleift að samþykkja eða hafna slíkri notkun og/eða deila staðsetningu tækisins þíns, en gerir þú það er okkur og/eða samstarfsaðilum okkar mögulega gert ómögulegt að veita þér viðeigandi sérsniðna þjónustu og efni.

### Notkun og birting á öðrum upplýsingum

Við notum og birtum mögulega aðrar upplýsingar í hvaða tilgangi sem er, nema þegar okkur er skylt að gera annað samkvæmt gildandi lögum. Í sumum tilvikum sameinum við mögulega aðrar upplýsingar persónuupplýsingum. Ef við gerum það munum við meðhöndla sameinaðar upplýsingar sem persónuupplýsingar, svo lengi sem þær eru sameinaðar.

#### **ÖRYGGI PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA**

Öryggi persónuupplýsinga þinna er okkur mikilvægt. Pentair hefur komið á tæknilegum og skipulagstengdum öryggisráðstöfunum til að vernda trúnað, heilleika og tiltækileika persónuupplýsinga þinna.

#### **ÖRYGGI PERSÓNUUPPLÝSINGA ÞINNA**

Öryggi upplýsinga þinna er okkur mikilvægt. Pentair hefur komið á tæknilegum og skipulagstengdum öryggisráðstöfunum til að vernda trúnað, heilleika og tiltækileika persónuupplýsinga þinna. Því miður er engin gagnasending eða geymslakerfi 100% örugg. Hafir þú ástæðu til að ætla að samskipti þín við okkur séu ekki lengur örugg skaltu láta okkur vita tafarlaust í samræmi við hlutann „Hafðu samband“ að ofan.

## AÐGANGUR OG VAL VARÐANDI PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR

Þú getur endurskoðað og beðið um leiðréttingar eða eyðingu á persónuupplýsingum þínum, þar sem við á, með því að hafa samband við okkur með tengiliðaupplýsingum að neðan. Vinsamlegast láttu okkur vita um allar breytingar á tengiliðaupplýsingum þínum eða öðrum persónuupplýsingum. Þú getur sagt upp áskrift að auglýsingum með tölvupósti með því að nota leiðbeiningarnar fyrir uppsagnir sem er að finna neðst í skilaboðunum eða með því að hafa samband við okkur.

## AÐGANGUR OG VAL VARÐANDI PERSÓNUUPPLÝSINGAR ÞÍNAR

Þú getur beðið um að fá að endurskoða, leiðrétta, uppfæra, draga úr, takmarka eða eyða persónuupplýsingum þínum sem þú hefur áður afhent okkur, eða að biðja um að fá rafrænt afrit af persónuupplýsingum þínum til að senda þær öðru fyrirtæki (að því gefnu að gildandi lög veiti þér rétt til að flytja gögnin), með því að hafa samband við okkur í samræmi við hlutann „Hafðu samband“ að neðan. Við munum svara beiðni þinni í samræmi við gildandi lög.

Í beiðni þinni skaltu vinsamlegast taka skýrt fram hvaða persónuupplýsingum þú vilt láta breyta, hvort þú viljir að dregið sé úr persónuupplýsingum þínum í gagnagrunni okkar eða láta okkur vita á annan hátt hvaða takmarkanir þú vilt setja á notkun okkar á persónuupplýsingum þínum.

Við munum reyna að bregðast við beiðni þinni eins fljótt og auðið er. Við grípum mögulega til ráðstafana til að staðfesta persónuauðkenni þín áður en við veitum þér aðgang að persónuupplýsingum þínum. Til að vernda þig bregðumst við mögulega aðeins við beiðnum með tilliti til persónuupplýsinga sem tengjast því tiltekna netfangi sem þú notar til að senda okkur beiðni þína. Í sumum tilvikum getum við mögulega ekki orðið við umbeðnu vali þínu, eins og þegar við þurfum að varðveita tengiliðaupplýsingar þínar vegna samningsbundinna skyldna og/eða til að ljúka við hvers konar færslur sem þú hófst áður en þú baðst um breytingu eða eyðingu. Vinsamlegast láttu okkur vita um allar breytingar á tengiliðaupplýsingum þínum eða öðrum persónuupplýsingum.

Þú getur sagt upp áskrift að auglýsingum með tölvupósti með því að nota leiðbeiningarnar fyrir uppsagnir sem er að finna neðst í skilaboðunum eða með því að hafa samband við okkur. Þessi aðgerð segir mögulega ekki upp áskrift að stjórnunartengdum skilaboðum er varða reikning þinn, eins og öryggisherferðum og skilaboðum er varða afgreiðslu pantana.

**Íbúum Kaliforníu** er heimilt að biðja okkur um tilkynningu sem skilgreinir hvaða flokkum persónuupplýsinga við deilum með dótturfyrirtækjum okkar og/eða þriðju aðilum í þeirra eigin markaðstengda tilgangi og sem gefur upp tengiliðaupplýsingar fyrir slík dótturfyrirtæki og/eða þriðju aðila. Ef þú ert íbúi Kaliforníu og vilt fá afrit af þessari yfirlýsingu, vinsamlegast sendu skriflega beiðni á: [privacy@pentair.com](mailto:privacy@pentair.com).

## UPPLÝSINGAR UM BÖRN

Þjónustu okkar er ekki beint að einstaklingum yngri en sextán (16) ára og við söfnum ekki vísitandi persónuupplýsingum frá einstaklingum yngri en 16 ára.

## VIÐKVÆMAR UPPLÝSINGAR

Við óskum eftir því að þú sendir okkur hvorki né birtir okkur neinar viðkvæmar persónuupplýsingar (*t.d.*, kennitölur, upplýsingar um kynþátt eða menningarlegan uppruna, trú eða aðrar skoðanir, heilsu, líftölfræði eða erfðafræðilega eiginleika, sakaskrá eða aðild að verkalýðsfélögum) í eða í gegnum þjónustuna eða á annan hátt.

## ÞJÓNUSTA ÞRIÐJA AÐILA

Þessi persónuverndaryfirlýsing tekur ekki til, og við berum ekki ábyrgð á, persónuvernd, upplýsingum eða öðru athæfi nokkurs þriðja aðila, þar á meðal hvers þess þriðja aðila sem starfrækir vefsíðu eða þjónustu sem þjónusta okkar tengist. Það að tengill sé til staðar í þjónustunni gefur ekki til kynna stuðning okkar eða dótturfyrirtækja okkar við tengda síðu eða þjónustu.

Enn fremur berum við ekki ábyrgð á upplýsingaöflun, notkun, birtingu, öryggisstefnum eða verklagi annarra fyrirtækja, eins og Facebook, Apple, Google, Microsoft, RIM eða annarra þróunaraðila forrita, veituaðila forrita, veituaðila samfélagsmiðla, veituaðila stýrikerfis, veituaðila þráðlausrar þjónustu eða framleiðanda búnaðar, þar á meðal með tilliti til hvers kyns persónuupplýsinga sem þú birtir öðrum fyrirtækjum í gegnum eða í tengslum við forritin eða samfélagsmiðlasíður okkar.

### AUGLÝSINGAR ÞRIÐJA AÐILA

Við notumst við auglýsingafyrirtæki þriðju aðila til að birta þér auglýsingar er varða vörur og þjónustu sem þú gætir haft áhuga á þegar þú ferð í og notar þjónustuna og aðrar vefsíður eða netþjónustu.

## AUGLÝSINGAR ÞRIÐJA AÐILA

Við notumst við auglýsingafyrirtæki þriðju aðila til að birta þér auglýsingar er varða vörur og þjónustu sem þú gætir haft áhuga á þegar þú ferð í og notar þjónustuna og aðrar vefsíður eða netþjónustu.

Þú færð mögulega auglýsingar sem byggjast á upplýsingum sem tengjast aðgangi þínum að og notkun á þjónustunni og öðrum vefsíðum eða netþjónustu á einhverju af tækjum þínum, sem og upplýsingum sem fengnar eru frá þriðju aðilum. Þessi fyrirtæki setja eða bera kennsl á einkvæma vafraköku í vafra þínum (þar á meðal í gegnum notkun á myndeindatáknum. Þau notast einnig við þessa tækni, ásamt upplýsingum sem þau safna um netnotkun þína, til að þekkja þig á milli þeirra tækja sem þú notar, eins og farsíma og fartölvu.

Viljir þú fá nánari upplýsingar um þessa aðgerð og viljir þú vita hvernig eigi að segja sig úr henni í vöfrum í borðtölvum og fartækjum í því tiltekna tæki sem þú ert að nota til að sækja þessa persónuverndartilkynningu, vinsamlegast farðu á:

- Frá Ástralíu: <http://www.youonlinechoices.com.au/>
- Frá Kanada: <https://youradchoices.ca/>

- Frá Evrópu: <http://www.edaa.eu/>
- Frá Bandaríkjunum: <http://optout.aboutads.info/#/> og <http://optout.networkadvertising.org/#/>

## FLUTNINGUR MILLI LANDA

Geymsla og úrvinnsla á persónuupplýsingum þínum fer mögulega fram í hverju því landi þar sem við höfum aðstöðu eða þar sem við notumst við þjónustuveitur og með því að nota þjónustuna skilur þú að upplýsingar þínar verða fluttar til annarra landa en þess þar sem þú hefur búsetu. Hvað varðar flutning frá EES til landa sem ekki teljast viðunandi af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins höfum við komið á viðunandi ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar þínar.

## FLUTNINGUR MILLI LANDA

Geymsla og úrvinnsla á persónuupplýsingum þínum fer mögulega fram í landi þar sem við höfum aðstöðu eða þar sem við notumst við þjónustuveitur og með því að nota þjónustuna skilur þú að upplýsingar þínar verða fluttar til annarra landa en þess þar sem þú hefur búsetu, þar á meðal til Bandaríkjanna, þar sem mögulega gilda reglur um gagnavernd sem eru frábrugðnar þeim sem gilda í því landi þar sem þú hefur búsetu. Við ákveðnar kringumstæður geta dómstólar, löggæslustofnanir, eftirlitsstofnanir eða öryggisyfirvöld í þessum öðrum löndum haft heimildir til aðgangs að persónuupplýsingum þínum.

*Ef þú hefur búsetu innan EES:* Gagnavernd sumra landa sem eru utan EES er viðurkennd af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, samkvæmt EES-stöðlum (tæmandi lista yfir þessi lönd er að finna [hér](#)). Hvað varðar flutning frá EES til landa sem ekki teljast viðunandi af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins höfum við komið á viðunandi ráðstöfunum til að vernda persónuupplýsingar þínar, eins og stöðluðum samningsákvæðum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur innleitt. Þú getur fengið afrit af þessum ráðstöfunum með því að hafa samband við [Alþjóðlegu persónuverndarskrifstofu](#) Pentair.

## HAFÐU SAMBAND

Hafir þú einhverjar spurningar um þessa persónuverndaryfirlýsingu, vinsamlegast hafðu samband við okkur á [privacy@pentair.com](mailto:privacy@pentair.com) eða með því að nota upplýsingarnar að neðan:

## HAFÐU SAMBAND

Hafir þú einhverjar spurningar um þessa persónuverndaryfirlýsingu, vinsamlegast hafðu samband við okkur á [privacy@pentair.com](mailto:privacy@pentair.com) eða með því að nota upplýsingarnar að neðan:

Ef þú ert utan EES er ábyrgðaraðili gagna:

Pentair Management Company  
Attn: Global Privacy Office  
5500 Wayzata Blvd., Ste. 900  
Minneapolis, MN 55416

Ef þú ert innan EES er ábyrgðaraðili gagna:

Pentair plc  
Írskt fyrirtæki sem hefur aðalhöfuðstöðvar við:  
Regal House  
70 London Road  
Twickenham, London, TW13QS  
Bretlandi

Við höfum skipað gagnaverndarfulltrúa þar sem lög krefjast þess. Þú getur haft samband við gagnaverndarfulltrúa okkar fyrir þýska aðila hér:

TÜV NORD Group  
IT Security, Business Security & Privacy  
Langemarckstraße 20  
45141 Essen  
Þýskalandi  
sími: +49 (0)201-8999-657  
[L.Witzke@tuvit.de](mailto:L.Witzke@tuvit.de)

Þú getur lagt fram kvörtun hjá gagnaverndaryfirvöldum fyrir land þitt eða svæði eða þar sem meint brot á gildandi lögum um gagnavernd á sér stað. Áður en þú gerir það hvetjum við þig hins vegar til að hafa beint samband við okkur til að gefa okkur tækifæri til að vinna beint með þér til að leysa öll vandamál er varða friðhelgi þína.

## HVERNIG VIÐ BREYTUM OG UPPFÆRUM ÞESSA PERSÓNUVERNDARYFIRLÝSINGU

Við uppfærum þessa persónuverndaryfirlýsingu mögulega. Þegar við gerum það munum við birta núverandi útgáfu á þessari síðu og við munum breyta útgáfudeginum sem er að finna efst á þessari síðu. Allar breytingar taka gildi þegar við birtum breytta persónuverndaryfirlýsingu fyrir þjónustuna. Notkun þín á þjónustunni í kjölfarið á þessum breytingum þýðir að þú samþykkir hina breyttu persónuverndaryfirlýsingu.